



Fundargerð

1318. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
6. maí 2021, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Margrét Sanders, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Allir gestir fundarins mættu í gegnum fjarfundabúnað.

* * *

1. Skipulagsbreyting á velferðarsviði (2021020808)

Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðmundur Gunnarsson breytingastjóri velferðarsviðs og Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs komu inn á fundinn.

Lagt fram minnisblað með tillögum að nýju verklagi í stigskiptri þjónustu til farsældar fyrir börn í Reykjaneshæ.

Bæjarráð samþykkir að unnið sé áfram að málinu á grundvelli framkominna tillagna.

2. Selás 20 (2019090080)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður kom inn á fundinn.

Lagt fram bréf frá umboðsmanni Alþingis. Bæjarráð felur bæjarlögmanni að svara erindinu.

3. Vatnsnesvegur 8a (2020030181)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður kom inn á fundinn.

Lagt fram minnisblað með tillögu að samstarfssamningi og langtímaleigu á fasteigninni að Vatnsnesvegi 8, Reykjaneshæ.

Bæjarráð felur bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu.

4. Dalshverfi III - kostnaðaráætlun og heimild til útboðs (2019120008)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála komu inn á fundinn. Óskað eftir heimild til að fara í útboð á Dalshverfi III, gatnaframkvæmdir 1. áfanga.



Bæjarráð samþykkir að farið verði í útboð vegna 1. áfanga gatnaframkvæmda í Dalshverfi III.

5. Gámar við Hringbraut 125 (2021040608)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs kom inn á fundinn.

Málinu frestað.

6. Árschlutauppgjör – janúar til mars 2021 (2021040552)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds komu inn á fundinn og kynntu drög að árschlutareikningi Reykjanesbæjar fyrir tímabilið janúar til mars 2021.

7. Ársreikningur 2020 (2021040123)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds komu inn á fundinn og fóru yfir drög að ársreikningi Reykjanesbæjar 2020.

8. Innheimta fasteignagjalda 2021 (2020030360)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds komu inn á fundinn.

Lagt fram minnisblað um innheimtu fasteignagjalda 2021 á húsnæði sem er í atvinnurekstri og gjaldendur eiga við verulega rekstrarörðugleika vegna kórónuveirufaraldursins.

9. Framlenging samnings við Grant Thornton endurskoðendur ehf. (2019050503)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds komu inn á fundinn. Lagt fram minnisblað um framlengingu á samningi við endurskoðendur um eitt ár.

Friðjón Einarsson (S), Guðbrandur Einarsson (Y) og Jóhann Friðrik Friðriksson (B) samþykkja að framlengja samninginn við Grant Thornton endurskoðendur ehf. um eitt ár. Margrét A. Sanders (D) og Baldur Þ. Guðmundsson (D) greiða atkvæði á móti.

10. Heimaþjónusta – beiðni um flutning fjármagns (2021040594)

Lögð fram beiðni um flutning fjárhæðar kr. 1.578.736 + vsk frá bókunarlykli 02-450 til bókunarlykils 02-450-4990.

Bæjarráð samþykkir.

11. XXXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí 2021 (2021010591)

Lagt fram fundarboð á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 21. maí 2021. Nánari upplýsingar um framkvæmd þingsins verða sendar út í síðasta lagi 10. maí nk.

12. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 16. apríl 2021 (2021020698)

Fundargerð lögð fram.



13. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 28. apríl 2021 (2021010463)

Fundargerð lögð fram.

14. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. apríl 2021 (2021020026)

Fundargerð lögð fram.

15. Umsögn vegna starfsleyfis – CampEasy ehf. Selvík 5 (2020120066)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi til að reka ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti.

16. Umsögn vegna starfsleyfis – R-8 ehf. Selvík 3 (2021030446)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi til að reka ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti.

17. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2021010117)

Frumvarp til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði), 748. mál <https://www.althingi.is/altext/151/s/1270.html>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.